

Reglur um greiðslu tónlistarnáms utan lögheimilissveitarfélags

Ungmennir 18 ára eða yngri með lögheimili í Kjósarhreppi sem leggja stund á tónlistarnám utan sveitarfélagsins geta sótt um að Kjósarhreppur greiði kennslukostnað í tónlistarskóla vegna námsins. Kjósarhreppi ber ekki lagaleg skylda til að greiða þennan kostnað.

Um niðurgreiðslu námskostnaðar gilda eftirfarandi reglur:

Ungmennir 18 ára eða yngri með lögheimili í Kjósarhreppi geta sótt um niðurgreiðslu kennslukostnaðar fyrir tónlistarnám á eitt hljóðfæri eða söng.

Hámarks tími sem greitt er fyrir eru þrjár annir, enda hafi tónlistarnemandi eftir þann tíma tekið grunnpróf í söng eða miðpróf á hljóðfæri.

Flytji nemandi í tónlistarskóla lögheimili sitt í annað sveitarfélag á skólaárinu þá falla greiðslur Kjósarhrepps niður.

Skilyrði fyrir greiðslu kennslukostnaðar er að :

- námið skal vera eininga bært, þ.e. vera metið til eininga í framhaldsskóla.
- viðkomandi hafi áður stundað nám við tónlistarskólann Kléberg eða sambærilegt nám.
- viðkomandi standi ekki lengur til boða nám við hæfi í tónlistarskólanum Klébergi.
- hafi ekki fengið kennslukostnað við tónlistarnám greiddan sem nemur hámarkstíma, þ.e. þrjár annir.

Sækja þarf um með rafrænu eyðublaði á vef Kjósarhrepps, kjos.is, **Mínar síður**, fyrir hverja önn, fyrir 1. júní vegna náms á haustönn og fyrir 1. nóvember fyrir nám á vorönn.

Umsóknum skal beina til sveitarstjóra Kjósarhrepps. Áður en umsókn er afgreidd þarf að skila inn námsvottorði frá síðasta skólaári við tónlistarskólann Kléberg, þar sem fram koma upplýsingar um ástundun og námsárangur. Þessar upplýsingar eru hafðar til hliðsjónar við afgreiðslu umsóknar.

Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að meta umsókn með hliðsjón af því hvort sambærilegt nám sé í boði í tónlistarskólanum Klébergi.

Ef greiðsla kennslukostnaðar fyrir tónlistarnám í öðru sveitafélagi er samþykkt, ber umsækjanda að skila inn til sveitarstjóra upplýsingum um ástundun og námsárangur frá viðkomandi tónlistarskóla við lok hvernar annar. Sé viðunandi námsárangri ekki náð áskilur sveitarfélagið sér rétt til að greiða ekki kennslukostnað fyrir næstkomandi önn þó svo að samþykkt umsókn um slíkt liggi fyrir.

Reglurnar voru samþykktar í sveitarstjórn Kjósarhrepps, 3. september 2025.